



Bæjarráð Mosfellsbæjar
Halla Karen Kristjánsdóttir formaður
hallakaren@mos.is

Dagsetning **20. febrúar 2024**
Málsnúmer MVF23120204

Framkvæmdir við Gljúfrastein

Gljúfrasteinn – hús skáldsins hefur verið rekið sem safn síðan 4. september 2004 og í haust eru því liðin 20 ár frá því safnið var opnað almenningi. Hlutverk Gljúfrasteins er að varðveita og sýna heimili Halldórs Laxness og fjölskyldu hans og að vera lifandi safn sem stendur vörð um lífsstarf Nóbelskáldsins.

Árið 2019 festi íslenska ríkið kaup á Jónstótt í Mosfellsdal undir starfsemi Gljúfrasteins og í byrjun árs 2020 var hafist handa við að gera húsið upp, klæða það að utan, setja upp pall og endurgera gömlu göngubrúna yfir Köldukvísl. Nú í byrjun árs er verið að undirbúa framkvæmdir við að ljúka við húsið að innanverðu. Ráðgert er að fyrsti viðkomustaður gesta sem hyggjast heimsækja Gljúfrastein verði á neðri hæð Jónstóttar. Á efri hæð hússins verður vinnuaðstaða starfsfólks Gljúfrasteins. Þegar Jónstótt kemst í fulla notkun verður hægt að opna allt húsið á Gljúfrasteini sem safn. Útbúin verða unglíngaherbergi (1968-70) og barnaherbergi (1955-60) á efri hæðinni auk þess sem að móttökunni sem áður var bílskúr verður breytt í sýningarrými.

Eignirnar við Gljúfrastein og Jónstótt eru í umsjón Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna (FSRE) sem heldur utan um stærstan hluta fasteignasafns ríkisins og hefur umsjón með viðhaldi og framkvæmdum við eignasafnið. FSRE hefur séð um endurbætur á Jónstótt. Talsverðir fjármunir hafa verið lagðir í að byggja húsið upp og klæða það. Það er rúmlega fokhelt að innan en búið er að hanna og teikna upp frágang innanhúss auk þess sem garðskála verður bætt við húsið, sem bætir aðstöðuna til muna við að taka á móti gestum. Menningar- og viðskiptaráðuneytið fjármagnar þessar framkvæmdir. Sérfræðingar FSRE tryggja að eignunum við Gljúfrastein og Jónstótt verður vel viðhaldið í samráði við stjórnendur safnsins.

Í byrjun árs 2022 var unnin stefnumótun og aðgerðaráætlun undir handleiðslu Bergs Ebba Benediktssonar og Maríu Hrundar Marinósdóttur. Í aðgerðaráætluninni er miðað við að hægt verði bjóða upp á nýja miðlun, fræðslu og upplifun á Gljúfrasteini þegar Jónstótt opnar og fagna þannig þeim tímamótum þegar liðin verða 20 ár frá opnun safnsins. Gljúfrasteinn hlaut öndvegisstyrk úr safnasjóði til að vinna að þessum breytingum. Eitt verkefnanna snýr að því þróa og hanna möguleika til upplifunar í garðinum og umhverfi Gljúfrasteins og Jónstóttar. Meðfylgjandi þessu minnisblaði eru hugmyndir frá Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur þar sem lagt er til að settir verði upp göngustígar, áningarstaðir og upplifunarsvæði með tengingu við verk Halldórs Laxness. Hugmyndir Guðfinnu eru einfaldar og ættu ekki að vera flóknar í framkvæmd. Þær myndu auka afþreyingarmöguleika fyrir gesti svæðisins, fjölskyldufólk, göngufólk og ferðamenn. Auk þess verða til svæði sem verða tilvalin til útikennslu bæði fyrir leik- og grunnskólanema.

Að ósk Vegagerðarinnar verður núverandi aðkomu að safninu lokað, nema fyrir neyðartilvik, og ný aðkoma gerð að safninu um Jónstóttarveg. Samkvæmt aðalskipulagi fyrir svæðið mun hringtorg koma neðan við Jónstótt og þaðan afleggjari upp að Jónstótt, þar sem ráðgert er að það verði allt að 20

bílastæði og 3 rútustæði. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni eru þessar framkvæmdir á áætlun árið 2027. Ljóst er að framkvæmdir við Jónstóttarveg eru kostnaðarsamar. Verið er að skoða hvernig þær verða fjármagnaðar og einnig er í gangi samtal við Vegagerðina um að aðstoða við útfærslu á hugsanlegri bráðabirgðalausn um aðkomuna að Jónstótt. Í samþykktu skipulagi Þingvallavegar er gert ráð fyrir að núverandi aðkomu að Gljúfrasteini og bílastæðum verði lokað og umferð gesta verði beint upp Jónstóttarveg.

Áskorunin sem safnið á Gljúfrasteini og útivistarsvæðið kringum Gljúfrastein standa frammi fyrir á næstunni er þrjúþætt. Einn hluti hennar snýr að aðkomu að safninu, nýju hringtorgi á Þingvallavegi og tengingu við afleggjarann að Jónstótt. Þessi hluti er á ábyrgð Vegagerðarinnar og er gert ráð fyrir þessari framkvæmd á árinu 2027. Annar hluti snýr að afleggjaranum að og bílastæðum við Jónstótt. Afleggjarinn er aðeins malarvegur til bráðabirgða og bílastæðið afar takmarkað. Þriðji hluti áskorunarinnar snýr að salernismálum. Í húsi Jónstóttar verður aðeins eitt salerni sem ætlað er gestum. Ekki er á svæðinu, eins og það er nú, gert ráð fyrir salernum fyrir útivistarfólk eða almenning.

Svæðið í kringum Gljúfrastein er gríðarlega vinsælt útivistarsvæði enda gönguleiðir á svæðinu nokkrar þar sem leiðin að Helgufossi er hvað vinsælust. Í framtíðinni er reiknað með að hægt verði að nota svæðið jafnframt til útikennslu fyrir börn og ungmenning.

Afleggjarinn að Jónstótt er ekki gerður fyrir mikla umferð og bílastæðin eins og þau eru núna anna þeim ágangi engan veginn. Sömu sögu er að setja um salernismál og aðra aðstöðu sem mikilvæg er gestum og gangandi. Umbylting á þeirri aðstöðu, afleggjara, bílastæðum og salernum, mun þjóna jafnt gestum safnsins, útivistarfólki og skólabörnum.

7. febrúar síðastliðinn fundaði hópur fólks sem kemur að rekstri og umsýslu með Gljúfrasteini í húsakynnum FSRE. Fundinn sátu forstöðumaður og stjórnarformaður Gljúfrasteins, fulltrúar frá menningar- og viðskiptaráðuneyti, frá FSRE og Vegagerðinni auk þess sem fulltrúi frá Mosfellsbæ tók þátt rafrænt. Við þetta tækifæri var ákveðið að hefja nánari viðræður við Mosfellsbæ vegna hugsanlegrar aðkomu bæjarins að málinu.

Þetta bréf er sent bæjaryfirvöldum í Mosfellsbæ í þeim tilgangi að upplýsa þau um stöðu mála kringum Gljúfrastein og fara þess á leit að þau skoði með hvaða hætti þau geta komið að þeim framkvæmdum sem nauðsynlegt er að ráðast í. Gott samtal og samráð allra hlutaðeigandi er í gangi um framhaldið og einhugur um að vinna þetta vel og faglega áfram til að tryggja sem besta umgjörð um þessa perlu sem safnið og allt umhverfi þess er.

Sigrún Brynja Einarsdóttir ráðuneytisstjóri